

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins 27. maí 2020

Mætt eru Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir rektor og formaður stjórnar, Baldur Helgi Benjamínsson stjórnarmaður, Pétur Diðriksson stjórnarmaður, Egill Gunnarsson bústjóri, Hafþór Finnbogason fráfarandi fjósameistari, Karl Vernharð Þorleifsson nýráðinn fjósameistari, Þóroddur Sveinsson deildarforseti deildar fæðu og ræktunar og Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri. Baldur Helgi Benjamínsson ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fund kl. 10.00 og gekk til dagskrár.

- 1. Skýrsla stjórnar.** Ragnheiður flutti skýrslu stjórnar en skýrslan er aðgengileg á vef skólans. Stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með stöðu og rekstur félagsins og þakkar starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir fær fráfarandi fjósameistari Hafþór Finnbogason fyrir fimm ára farsælt starf.
- 2. Ársreikningur 2019.** Egill rakti helstu stærðir í ársreikningi félagsins. Hagnaður ársins var 9,3 milljónir kr og eigið fé er 36,3 milljónir. Stjórn samþykkir ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni. Ársreikningur félagsins er aðgengilegur á vef skólans.
- 3. Rekstur félagsins 2020.** Egill fór yfir rekstur félagsins það sem af er ársins og er hann á áætlun. Búið að kaupa efni til endurnýjun á sköfukerfi í þeim hluta fjóssins sem eftir er. Sótt hefur verið um styrk í Innviðasjóð um endurnýjun á mjaltabúnaði sem búinn er allri nýjustu tækni. Búið að kaupa sjálfvirkan fóðursóp sem bíður uppsetningar. Endurnýjun á eftirlitsmyndavélakerfi í fjósinu er lokið. Rætt um áherslur í framtíðaruppbyggingu félagsins.
- 4. Tilnefning í stjórn Hvanneyrarbúsins.** Rektor leggur til að skipan stjórnar félagsins verði óbreytt fram að næsta aðalfundi. Pétur og Baldur þakka það traust sem þeim er sýnt að halda áfram stjórnarsetu.
- 5. Breyting á starfsmannahaldi.** Fráfarandi fjósameistara Hafþóri Finnbogasyni veitt viðurkenning og þakkir fyrir vel unnin störf og nýr fjósameistari Karl Vernharð Þorleifsson boðinn velkominn til starfa.
- 6. Staða á endurnýjun á mjaltabúnaði, umsókn í Innviðasjóð.** Rætt ítarlega um áherslur í styrkumsóknum félagsins og skólans.
- 7. Önnur mál.**
 - a. Umsókn til Vinnumálastofnunar um 25 sumarstörf við Landbúnaðarháskólann. Umsóknarfrestur til 5. júní, umsækjendur þurfa að vera í námi og 18 ára eða eldri.
 - b. Yfirfærsla þekkingar. Lagt til að sérfræðinga í helstu undirstöðuþáttum búrekstrar til að ræða þá við starfsmenn búsins, svo þeir verði betur í stakk búnir til að mæta áskorunum í starfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.35

Baldur Helgi Benjamínsson, fundarritari.